

Apríl 2004

1 tbl. 2004

Ábm.  
Íris Huld  
Sigurbjörnsdóttir



## Frá orlofsnefnd

### Í þessu blaði:

Frá orlofsnefnd	1
Pistill formanns	2
Sumarbús í boði	3
Kjör og réttindi	4
Starfsmatið	4
Stjórn SDS	4

### Fróðleiksmolar

- Umsóknir verða að berast skrifstofu eða orlofsnefndarfulltrúa á hverjum stað fyrir 7. maí nk.
- Orlofsnefnd mun úthluta þann 10. maí og senda svarbréf til viðkomandi.
- Greiðsla fer fram með greiðsluseðli og verður samningur sendur viðkomandi eftir að greiðsla er lokið.
- Þeir félagsmenn sem fá úthlutað og hætta við eru vinsamlegast beðnir um að hafa strax samband við skrifstofu félagsins eða orlofsnefnd svo hægt sé að úthluta öðrum félagsmanni.

Hér verður farið yfir það sem félagið býður upp á í sumar og hingað til.

Mjög vel gekk að leigja út sumarbústað okkar í Húsafelli á síðasta ári. Ekki hefur gengið jafn vel að leigja út sumarhús í Munaðarnesi hingað til og mun ástæðan vera sú að ekki hefur verið heitur pottur við bústaðinn. Það hefur þó breyst og eiga allir sumarbústaðir í Munaðarnesi að vera klárir með heita potta 15. júní nk.

Orlofsnefndin var í samvinnu við orlofsnefnd starfsmannafélags Borgarbyggðar um útleigu á gömlu býli eða íbúðarhúsi að Eystri Ásum í Skaftártungum og gekk það ágætlega en svo verður ekki áfram. Áður höfðum við verið í samvinnu um sumarhús við Hafursá rétt hjá Egilssstöðum.

Á síðasta ári var tekin sú ákvörðun að hætta með hótelmíða sem verið höfðu í gangi um skeið. Í staðinn var ákveðið að styrkja félagsmenn vegna kaupa á farmiðum til útlanda og má sjá nánar um þau mál hér fyrir neðan.

Orlofsnefnd SDS hefur verið í samvinnu við Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi, FOSS. Samvinnan gengur út á afnot á íbúð FOSS við Ásholt í Reykjavík. Hefur þetta samstarf gengið mjög vel. Síðastliðið haust var svo gerð tilraun með makaskipti á íbúðinni við Ásholt og sumarhúsi SDS í Húsafelli. FOSS hafði afnot af sumarhúsinu í Húsafelli nokkrar ákveðnar helgar eftir að hinum eiginlega orlofstíma lauk og fram í desember 2003. Á sömu helgum hafði SDS afnot af íbúðinni í Ásholti.



*Bráðum kemur betri tíð með blóm í haga...*

Gaf þetta góða raun og verður eflaust framhald á þeirri samvinnu.

Í vetur hafði orlofsnefnd SDS einnig aðgang að íbúð á Akureyri.

Vonum við að félagsmenn finni eitthvað við sitt hæfi og eigi gott sumar.

F.h. Orlofsnefndar

Ásta Dóra.

## Niðurgreiðsla utanlandsferða Breytingar

Félagsmenn SDS eiga rétt á niðurgreiðslu á utanlandsferðum samkvæmt samþykkt orlofsnefndar frá vorinu 2003.

Þar gilda þær reglur að ef félagsmaður fær úthlutað í ár þá á viðkomandi ekki

rétt á úthlutun næstu þrjú ár. Styrkur hverju sinni er kr. 13.000 pr. félagsmann.

Sækja skal um niðurgreiðsluna til orlofsnefndar og veitir nefndin einnig nánari upplýsingar.

Á næstu vikum mun SDS líklega fá nýtt veffang og netfang og munum við tilkynna þær breytingar í næsta fréttabréfi sem verður gefið út í byrjun sumars.

## Ágætu félagsmenn

### Stjórn SDS skipa:

Helga Hafsteinsdóttir  
Formaður  
Grundarfirði  
S. 899-7090

Erla Laxdal Gísladóttir  
Varaformaður  
Hellissandi  
Hs. 436 6720

Magnína Kristjánsdóttir  
Gjaldkeri  
Búðardal  
Hs. 434 1221

Sigurður R. Lúðvíksson  
Meðstjórnandi  
Ólafsvík  
Hs. 436 1459

Íris H. Sigurbjörnsdóttir  
Ritari  
Stykkishólmi  
S. 438 1548

Félagsmenn eru hvattir til að skoða hvern stað fyrir sig mjög vel og hafa samband við skrifstofuna eða orlofsnefndarfulltrúa á hverjum stað, ef einhverjar upplýsingar vantar og við munum reyna af fremsta megni að leysa málið.

Á aðalfund okkar sem haldinn var 27 mars sl. voru mættir um 30 félagsmenn.

Þar hefðu gjarnan fleiri mátt sjá sér fært að mæta, því þar voru mikilvæg mál á dagskrá sem öllum hefði átt að varða um. Fyrir utan venjulega aðalfundarstörf var kosning um hvort við ættum að sameinast með mörgum öðrum stéttarfélögum svonefndum Kjarna sem við höfum verið með í samvinnu og samningargerð til kjarasamninga í mörg ár og gefist vel. Eflaust kannist þið flest öll við um hvað er að ræða. Eftir skoðunarkönnun í haust kom berlega í ljós að mikill vilji var til áframhaldandi sameiningarvinnu og láta svo öll félögin kjósa um sameiningu á aðalfundum á öllum svæðunum í mars lok. Þegar við svo funduðum saman þ.e. stjórn og trúnaðarmenn í byrjun mars, komu strax í ljós ýmsar óánægju raddir um nýju lögin í væntanlegri sameiningu stéttarfélagana. Virtust félagsmenn vera órólegir með hversu stórt svæðið yrði og þá um leið mikil fjarlægð til höfuðstöðva þ.e. til Akureyrar. Þeim fannst einnig stærð svæðisins miðað við félagafjölda alls ekki vera það sama og talað var um í upphafi. Gátu fundarmenn þar af leiðandi ekki fundið mikinn sparnað í rekstri, því ef vel ætti að vera og skipting yrði jöfn til stjórnar og nefnda yrði ferðakostnaður umtalsverður í ekki fjölmennara félagi. Eins kom þeim á óvart hvernig yrði staðið að

kosningum til ýmissa embættar og fólki fannst ekki nógu mikil lýðræðisstefna í nýju lögunum. Eins var það að ekki var hægt að lofa betri samningastöðu varðandi næstu kjararsamninga. Voru sumir jafnvel uggandi um að missa mikilvæg réttindi frá sér. Með þessar efasemdir ásamt almennri kynningu á sameiningunni mætti stjórnin til aðalfundar og voru málin rædd þar, og var þar öllum frjálst að leggja orð í belg. Fljótlega kom vilji fundarmanna í ljós, og eftir umræðu var kosið um sameininguna og voru allir fundarmenn á móti nema einn.

Þá voru margir búnir að lýsa vilja sínum að starfa vel að okkar félagsmálum og efla okkar félag til muna. Í framhaldi af því var kosið til nýrrar stjórnar en hana skipa Helga Hafsteinsdóttir, Grundarfirði formaður, Erla Laxdal, Hellissandi varaformaður, Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, Stykkishólmi ritari, Magnína Kristjánsdóttir, Búðardal gjaldkeri og Sigurður Ragnar Sigurðsson, Ólafsvík meðstjórnandi. Eins var almennur vilji fundarmanna að félagið færi til fundar við Samflots stjórnendur og lýsti vilja sínum til samvinnu til næstu samningagerðar og almenna samvinnu.

Eftir þennan annars viðburðarríka og á köflum erfiða aðalfund var slegið á léttari strengi með góðum veitingum sem vel var við

hæfi, því nú var verið að kveðja Þróst okkar ágæta formann til margra ára, og viljum við öll færa honum okkar bestu þakkir fyrir langa og krefjandi baráttu fyrir okkar félag og óska honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Ég undirrituð og fráfarandi formaður sem kom með mér til halds og trausts, (töskuberi) mættum svo þann 1. apríl sl. á aðalfund Samflots sex bæjarstarfsmanna með viljayfirlýsingu til samstarfs, við ásamt 5 öðrum nýjum stéttarfélögum. Okkur var vel tekið og varð ég þess strax áskynja að hér væri dugnaðar fólk á ferðinni sem krefðist þess sama af nýjum félagsmönnum. Mér segist svo hugur að þetta eigi eftir að verða lærdómsríkt, hvetjandi, krefjandi og síðast enn ekki síst árangursríkt samstarf sem við förum í með jákvæðu hugarfari félagsmanna.

Þá held ég að ég hafi ekki þennan pistil mikið lengri í bili.

Við í stjórn S.D.S. viljum þakka ykkur góðan hug og hvatningu og látum fljótlega frá okkur heyra.

Baráttu kveðjur,

f.h. stjórnar SDS

Helga Hafsteinsdóttir.

## Munaðarnes

Í Munaðarnesi eigum við eitt sumarhús, hús nr. 64 við Stekkjarhól. Þar eru þrjú svefnherbergi og rúmast 6 til 8 manns í gistingu í húsinu. Húsið er vel búið húsmunum ásamt sjónvarpi, útigrilli o.fl.

Leirtau miðast við 8 og er séð fyrir sængurfatnaði og skal nálgast hann í þjónustumiðstöð Munaðarness. Skiptidagar eru á föstu-dögum og leiga fyrir vikuna kr.

## Húsafell

Í Húsafelli eigum við bústað við Ásenda 6. Í húsinu eru þrjú herbergi, stofa og eldhús g rúmast allt að 6 til 8 manns í gistingu.

Við húsið er rúmgóður sólpallur og heitur pottur sem er yndislegt að skella sér í á heitum sumardegi,

11.000 yfir sumartímann. BSRB sér um úthlutun húsanna á veturna og er kostar helgarleiga 7.000 kr.

Í Munaðarnesi er mikið um skemmtilegar gönguleiðir, í grenndinni eru sundlaugar á Varmalandi, í Borgarnesi og Húsafelli og þá er örstutt á golfvöllinn að Hamri rétt við Borgarnes og ýmis önnur afþreying er í boði í næsta nágrenni.

seint á sumarkvöldum eftir góðan dag og ekkert síður á veturna.

Í Húsafelli er frábær aðstaða fyrir útivist, góðar gönguleiðir, skemmtilegur 9 holu golfvöllur er á svæðinu ásamt Sundlaug og verslun.

Frá Munaðarnesi er einnig stutt að fara til þess að skoða ýmsa fagra og markverða staði, bæði út frá náttúrulegu og sögulegu samhengi.

Í vetur hefur verið unnið að því að setja heita potta upp við bústaðina og á þeim framkvæmdum að vera lokið fyrir 15. júní nk. og því ástæða til að skella sér í Munaðarnes í sumar og njóta lífsins.



**BSRB-vetrarleiga**  
**S. 525-8300.**

### HÚSAFELL-

Perla milli hrauns og jökla

S: 435 1550

husafell@husafell.is

**"Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl"**

**"Tímabil sumarorlofs er frá 15. maí til 30. September"**



*Umsóknnum þarf að skila til orlofsnefndar fyrir 7. maí.*

## Gott að vita... ...um orlof

Yfirmaður ákveður í samráði við starfsmenn hvenær orlof skuli veitt. Honum er skylt að verða við óskum starfsmanns um hvenær orlof skuli veitt á orlofstíma ef því verður við komið vegna starfa stofnunarinnar. Yfirmaður skal að lokinni könnun á vilja starfsmanna tilkynna svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs hvenær orlof

skuli hefjast nema sérstakar ástæður hamlí.

Lágmarksorlof skal vera 192 vinnuskyldustundir miðað við fullt ársstarf. Starfsmaður sem hefur unnið hluta af fullu starfi eða hluta úr ári skal fá orlof 16 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf. Þegar starfsmaður í vaktavinnu fer í orlof skal hann fá

óbyggjandi upplýsingar um hvenær hann skuli mæta á vakt að orlofi loknu og skal þá að jafnaði miða við að varðskrá haldist óbreytt.

Sá starfsmaður sem náð hefur 30 ára aldri á því almanaksári sem tímabil sumarorlofs tilheyrir fær að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu.

### Orlofsnefnd

#### skipa:

#### Hellissandur:

Ásta D. Valgeirsdóttir,  
formaður

Hs. 436 6868

Vs. 436 6900

#### Ólafsvík:

Svanhildur Pálsdóttir

Hs. 436 1325

Vs. 436 1000

#### Grundarfjörður:

Dóra Aðalsteinsdóttir

Hs. 438 6855

Vs. 438 6645

## Þekkir þú þín kjör og þín réttindi???

### Kjaravefurinn

Á kjaravef **BSRB** má finna ýmsar upplýsingar um kaup og kjör aðildarféлага BSRB. Veffang BSRB er:

<http://www.bsrb.is>

### Fjölskyldu og styrktarsjóður BSRB

Á kjaravef **BSRB** má einnig finna úthlutunarreglur um Fjölskyldu- og styrktarsjóðinn, ásamt umsóknareyðublaði.

### Réttur til lengingar orlofs...

Kynnið ykkur rétt til lengingar orlofs sé það tekið eftir að sumarorlofstímabili lýkur. Sá réttur er misjafn eftir kjarsamningum.

### Stykkishólmur:

Bogi Th. Bragason

Hs. 438 1330

Vs. 438 1233

### Búðardalur:

Jófríður Anna

Eyjólfsdóttir

Hs. 434 1296

Vs. 434 1230

## Úrlausnir

Orlofsnefnd hefur sótt um orlofshús í Munaðarnesi í eigu BSRB, til að leysa úr vandað þeirra sem ekki fá úthlutað í okkar bústaði. Vinsamlegast takið fram á umsókn ef það er ekki óskað eftir því.

Nýji bústaðurinn í Húsafelli er með aðgengi fyrir fatlaða. Þeir sem þurfa slíkar úrlausnir eru vinsamlegast beðnir um að taka það sérstaklega fram á umsóknareyðublaðinu.

## Starfsmannafélag Dala og Snæ

Grundargötu 40

350 Grundarfjörð

Sími á skrifstofu: 436 1077

Fax: 436 1078

Netfang: [sds@simnet.is](mailto:sds@simnet.is)

Á veraldarvefnum má finna okkur...

[www.simnet.is/sds](http://www.simnet.is/sds)

# *Umsóknareyðublað um orlofshús SDS*

<b>Kennitala:</b>	<b>Nafn:</b>
<b>Heimasími:</b>	<b>Heimili:</b>
<b>Vinnusími:</b>	<b>Vinnustaður:</b>
<b>Fengið úthlutun áður? Ef já, hvenær síðast?</b>	<b>Starfsaldur:</b>

Munaðarnes 3ja herbergja hús í Borgarfirði (6-8 manna)	Óskavika 1
Húsafell Ásendi 6 3ja herbergja hús í Húsafelli (6-8 manna)	Varavika 1
Niðurgreiðsla utanlandsferðar	Varavika 2

Dagsetning umsóknar:	Úthlutun nú:
----------------------	--------------